# SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG - BREYTING Á DEILISKIPULAGI BYGGÐARHORNS




Deiliskipulag fyrir breytingu í mkv. 1:5000




Deiliskipulag eftir breytingu í mkv. 1:5000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., frá _________ til __________var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann ______________

Samþykkt deiliskipulags var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann_______________



Hluti úr aðalskipulag Árborgar 2020-2033 ekki í mkv.

**Skýringar:**

- Mörk deiliskipulags
- Landamörk
- Lóðamörk
- F=71.234m² — Lóðarstærð í m²
- Byggingarreitur, hámark
- Aðkoma að lóð
- Kvöð um aðkomu
- Vegur
- Veghelgunarsvæði
- Núv. slóði
- Reiðleið
- Núverandi hús
- Skráðar fornminjar
- Fornminjar, varnargarður skv. skýrslu Byggðasafns Árnesinga, 2006/4

## GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns, lóðir nr. 7, 30 og 56. Deiliskipulagið var upphaflega staðfest í B-deild Stjórnartíðinda nr. 482, 16. maí 2007 og hafa þrjár deiliskipulagsbreytingar verið staðfestar síðan; þann 13.12.2007, 12.05.2014 og 27.04.2022.

**Deiliskipulagsbreytingin**

Breytingin nær til lóða nr. 7,og 56. Lóð nr. 7 er skipt upp í þrjár lóðir, 7a, b og c. Lóð 56 er skipt upp í tvær lóðir. Heimilt verður að byggja eitt íbúðarhus á hverri lóð eftir breytingu og útihús skv. meðfylgjandi skilmálatöflu. Umrædd breyting er talin vera innan afkastagetu hita- og vatnsveitu Selfossveitna. Aðkoma að lóðum er frá Byggðarhornsvegi (3081) sem er héraðsvegur. Í dag er vegurinn af vegtengund D en gera þarf ráð fyrir að vegurinn verði C7 í ljósi aukinnar umferðar. Fjarlægðir milli vegtenginga í vegflokki C7 skulu vera 50m.

**Fornminjar**

Byggðarsafn Árnesinga lét vinna fornleifaskráningu v/ deiliskipulags í landi Byggðarhorns og var hún unnin af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur, Guðlaugu Vilbogadóttur og Krisínu Erlu Þráinsdóttur (útg. okt. 2006/4). Engar skráðar fornminjar eru á umræddum lóðum. Bent er á 21.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3.gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og í 2. mgr. 24. gr. sömu laga segir: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

**Aðalskipulag**

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020 - 2036, þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland L3, þar sem megin landnýting er landbúnaður með atvinnustarfsemi og/eða áhugabúskapur. Breyting þessi stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbyggðar í Byggðarhorni, með stórum lóðum. Lóðarstærðir samræmast ákvæðum aðalskipulagsins, 1-10 ha.

**Skipulagsnefnd**

Skipulags- og byggingarnefnd getur sett nánari reglur og ákvæði um starfsemi á skipulagsreitnum. Allar óskir um frávik og breytingar á skipulags- og byggingarskilmálum eða breytta starfsemi frá upphaflegum samþykktum skal sækja um skriflega til skipulags- og byggingarnefndar. Minni háttar frávik sem ekki stangast á við meginmál deiliskipulags eru afgreidd skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með grenndarkynningu, en meiri háttar breytingar skal auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

**Skilmálar fyrir lóðir 7 og 56 eftir breytingu:**

| Húsnúmer | Fjöldi íb.húsa á lóð | Hámarks bygg.magn íb.húsa á lóð | Hámarks bygg.magn útihúsa á lóð | Stærð lóðar | Annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 7a | 1 | 300 | 300 | 26.042 | Ekki verður hægt að skipta lóð frekar |
| 7b | 1 | 300 | 300 | 26.204 | Ekki verður hægt að skipta lóð frekar |
| 7c | 1 | 300 | 300 | 24.919 | Ekki verður hægt að skipta lóð frekar |
| 56a | 1 | 300 | 300 | 41.747 | Ekki verður hægt að skipta lóð frekar |
| 56b | 1 | 300 | 300 | 25.104 | Ekki verður hægt að skipta lóð frekar |

**BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU:**

Fækkun vegtenginga inn á lóð 7 í samræmi við athugasemdir Vegagerðarinnar dags. 28. ágúst 2025. Kvöð sett um aðgengi að lóðum 7a og 7c frá 7b og að lóð 56b frá 56a. Veghelgunarsvæði, sem er 15 frá miðlínu vegar, er fært inn á uppdrátt.

HEITI VERKS:
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
BYGGÐARHORN BÚGARÐABYGGÐ

HEITI TEIKNINGAR:
DEILISKIPULAGSBREYTING
Lóðir 7, 30 og 56

| VERKNR: | MKV: | TEIKNING NR: |
|---|---|---|
| 212-002 | 1:5000 í A1 | |
| TEIKNAÐ AF: sg | HANNAÐ AF: sg | DAGS. TEIKN: 24. júní 2025 |
| YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: 9. sept. 2025 |


LANDFORM
Austurvegi 6 - 800 Selfoss
s: 482 4090
netf: landform@landform.is